



## **Stefna í málefnum miðborgar 2020 - 2022**

### **Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í málefnum miðborgar:**

„Miðborg Reykjavíkur er höfuðborg allra landsmanna þar sem mætist öflugt og heilbrigt íbúasamfélag, fjölbreytt atvinnustarfsemi og menningar- og mannlíf sem endurspeglar bæði menningararf þjóðarinnar og framsækinnar og alþjóðavæddrar borgar. Í henni er gott að búa, starfa og vera gestur.“

Framtíðarsýnin er útfærð nánar í þremur meginmarkmiðum:

### **MIÐBORG ALLRA**

Í miðborginni ríkir jafnræði þannig að fólk á öllum aldri getur notið miðborgarinnar óháð efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum bakgrunni sem felur í sér:

- *Rödd allra:*  
Hagaðilar fái áhrif á mótun miðborgarinnar og boð- og samráðsleiðir um málefni hennar eru opnar og gagnsæjar til að virkja sem flesta til þátttöku.
- *Ábyrgð allra:*  
Hagaðilar taka virkan þátt og bera ábyrgð á að rækta og móta miðborgina.
- *Hönnun fyrir alla:*  
Umhverfi miðborgarinnar, viðburðir, vörur og þjónusta taki mið af þörfum allra og verði fyrir eins breiðan hóp af fólki og mögulegt er, óháð aldri, getu, líkamsburðum og fjárhag.

### **VISTVÆN OG AÐLAÐANDI MIÐBORG**

Miðborgin er vistvæn og aðlaðandi og býður upp á heilnæmt og öruggt umhverfi sem felur í sér:

- *Öflugt og öruggt samfélag:*  
Íbúar sem og gestir í miðborginni hafa áhrif og búa við öryggi og í sátt við aðra starfsemi miðborgarinnar.
- *Litríkt menningar- og mannlíf:*  
Miðborgin er lifandi staður með litríkt og fjölbreytt menningar- og mannlíf sem endurspeglar sögu og menningararf borgarinnar og þjóðarinnar.
- *Vistvænt umhverfi og samgöngur:*  
Heildarásýnd miðborgarinnar einkennist af vönduðum lausnum, fallegu og göngu- og hjólavænu umhverfi þar sem grænar áherslur eru í fyrirrúmi.

## FJÖLBREYTT MIÐBORG

Miðborgin hefur ólík hlutverk og fullnægir mismunandi óskum og hagsmunum sem felur í sér:

- *Fjölbreytt rými:*  
Í miðborginni eru margskonar rými með ólíka ásýnd og eiginleika sem vinna gegn einsleitni og viðhalda listrænni og skapandi starfsemi. Í miðborginni á jafnframt að vera sigrúm fyrir leik, íþróttaiðkun, útivist og viðburði.
- *Fjölbreytt verslun og þjónusta:*  
Í miðborginni þrífst fjölbreytt verslun og þjónusta sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum íbúa hennar og gesta.
- *Fjölbreytt hlutverk:*  
Miðborgin gegnir ýmiss konar hlutverki og er allt í senn höfuðborg Íslands, græn borg, hafnarborg, menningarborg, ferðamannaborg, verslunar- og veitingaborg og þekkingar- og nýsköpunarborg auk þess að vera mannlífsborg og endurspeglar fjölbreytileika þeirra sem koma í miðborgina, búa þar og starfa.

Markmiðasetning stefnu um málefni miðborgar er nánar útfærð í starfsáætlun samstarfshóps um málefni miðborgar.

**Samþykkt í borgarráði 24. september 2020.**